Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 27/1970. **Guðmundur Kr. Björnsson**
gegn
**Garðari Guðmundssyni.**

**Dómendur:**
**næstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Læknaráð. Örorka.

**Úrskurður Hæstaréttar.**

Í máli þessu hefur aðaláfrýjandi óskað þess, að fengin verði umsögn Læknaráðs Íslands. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942, þannig að ráðið lýsi áliti sínu á því, hvort „orsakasamband sé á milli sjúkdóms Garðars Guðmundssonar, sem talinn er valda örorku, og atburðar þess, er um ræðir í málinu“.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.